

## Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/1997, um búnaðargjald.

Frá sjávarútvegs og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Friðriksson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Með frumvarpinu er verið að bregðast við setningu nýs staðals um atvinnugreinaflokkun, ÍSAT2008 í stað ÍSAT95. Engar efnisbreytingar verða á álagningu búnaðargjalds með frumvarpinu.

Nefndin ræddi þá breytingu sem lögð er til í frumvarpinu og hvort breyting á stöðlunum gæti haft áhrif á álagningu búnaðargjalds en svo er ekki.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Kjartan Ólafsson og Gunnar Svavarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 2008.

Arnbjörg Sveinsdóttir,  
form., frsm.

Atli Gíslason.

Helgi Hjörvar.

Valgerður Sverrisdóttir.

Karl V. Matthíasson.

Jón Gunnarsson.

Grétar Mar Jónsson.